

## 20. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

## 21. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

## 22. gr.

Stjórnin skal semja við þau váttryggingarfélag og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina skv. lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker tryggingamálaráðherra úr ágreiningi.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

## 23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 30. október 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*